

Sþ.

15. Tillaga til þingsályktunar

[15. mál]

um málefni hreyfihamlaðra.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt og kostnaðar-áætlun um nauðsynlegar endurbætur á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfi-hömluðum aðgang, og að settar verði nauðsynlegar reglugerðir til skipulegra að-gerða í þessu skyni.

Greinargerð.

Þörfin fyrir samhjálp er víða og hún mikil. Á síðasta Alþingi náðist viðtæk samstaða um heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra, sem mun marka tímamót ef rétt verður á haldið.

Nauðsyn ber til að hvetja stjórnvöld til virks stuðnings við alla viðleitni til að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og til að gera mögu-legt að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis störf.

Endurhæfing, starfsþjálfun og atvinnuskilyrði eru að sjálfstöðu þýðingarmikill þáttur í þessu öllu, en meira þarf til.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfihamlaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. Dæmin um þetta blasa svo til alls staðar við. Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja. Verður að sjá svo um, að reglugerðir og byggingarsamþykktir taki af allan vafa um það. En brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum og þeim sem nú eru í smíðum, ekki síst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum, verslunum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Hér þarf til að koma reglugerð, svo að gert verði skipulegt átak til framkvæmda sem tekið verði tillit til við gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Sérstök nefnd fatlaðra, ferlinefnd fatlaðra, hefur unnið að þessu máli sérstak-lega. Sendi hún frá sér bréf til ýmissa aðila, sem hljóðar svo:

„Ferlinefnd fatlaðra leitir liðsinnis yðar til þess að auðvelda fötluðu og öldr-
uðu fólki að komast leiðar sinnar. Þegar skammtíma- og varanleg hreyfihömlun gerir armstafi eða hjólastóla að nauðsynlegu hjálpartæki koma oft í ljós annmarkar á húsnæði og umhverfi, svo sem of þröngar dyr og of háir þröskuldar, of lítil sal-
erni, stigar og tröppur, þar að auki oft án handriðs, of þröng lyfta og tröppur að lyftu, gangstétt og bílastæði með föstu slitlagi er ekki í námunda við útidyr. Ef breyta á gömlu húsnæði eða byggja nýtt, hvort heldur er um að ræða íbúðar-,
atvinnu- eða þjónustuhúsnæði, er nauðsynlegt að muna eftir hreyfihömluðu fólki áður en framkvæmdir hefjast.

Við biðjum yður vinsamlegast að hafa vandamál hreyfihamlaðra í huga og treystum á liðveislu yðar.“

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vill flutningsmaður vekja sérstaka athygli á þessu máli og væntir þess, að með samþykkt tillögunnar verði hafið skipu-
lagt átak við þetta brýna verkefni.